

Bekkjarnámskrá - íslenska

3. bekkur 2019-2020

Kennari: Anna Margrét Arnardóttir

Kennslustundir á viku: 7 , samkennt með 1. og 2. bekk

Námsþættir	Hæfniviðmið <i>Nemandi geti:</i>	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Lestur og bókmenntir</p> <p>Lesum saman / lestrar og vinnubók Litla Lesrún Lesrún Ritrún 2</p> <p>Léttlestrarbækur / bækur af bókasafni</p> <p>Pulur og vísur. Sögubækur lesnar fyrir nemendur Ýmsar vinnubækur og blöð Markviss málörvun Þróunarverkefnið Orð af orð</p>	<p>beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr</p> <p>nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi</p> <p>tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess</p> <p>valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings</p> <p>lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum</p> <p>beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap</p>	<p>Lestur námsefnis</p> <p>Hlustun</p> <p>Sköpun</p> <p>Upplstur</p> <p>Innlögn og kennsla sem kennari sér um</p> <p>Vinnubókavinna</p> <p>Umræður.</p> <p>Sköpun.</p>	<p>Mat lagt á munnleg, verkleg, Skrifleg og myndræn verkefni nemenda</p> <p>Lestrarkannanir</p> <p>Munnlegar og skriflegar umsagni</p> <p>Símat</p>

	<p>lesið úr mjög einföldum tákmyndum og myndrænu efni, s.s. úr kortum og myndritum</p> <p>valið sér bók við hæfi og lesið sér til ánægju.</p>		
<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p> <p>Markviss málörvun Tjáning um hugarefni úr daglegu lífi Sögubók</p>	<p>beitt skýrum og áheyrilegum framburði tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hóp</p> <p>sagt frá eftirminnilegum atburði og endursagt efni</p> <p>hlustað og horft með athygli á upplestur, ,leikið efni, ljóð og söngva</p> <p>átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi</p>	<p>Leikræn tjáning Hlustun Framsögn Innlögn og kynning kennara Umræður Sköpun Leikræn tjáning Framsögn</p>	<p>Nemandi geti lesið upphátt stuttan léttan texta fyrir foreldra og kennara</p> <p>Nemandi geti hlustað á aðra skólafélaga segja frá í skólastofu og á sal</p> <p>Nemandi geti tekið þátt í atriðum á sal (á Litlu-jólum og öðrum uppákomum)</p>
<p>Ritun</p> <p>Forskriftarbækur Sögubók Lesrún 1</p>	<p>dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega</p> <p>nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi</p> <p>samið frásögn frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.</p> <p>nýtt sér fyrirmyndir í ritun, s.s. af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis</p>	<p>Þjálfá fínhyfingar Þekkingu skriftarátt Læra að draga til stafs Æfa sögugerð með einfaldri atburðarrás Skoða ólík form á rituðum texta, s.s. bækur, tímarit, rafrænt efni Skriftaræfingar Innlögn á uppbyggingu sögu Upplestur og kynning á ljóðaformi Leiðbeiningar um blýantsgrip og skriftarátt</p>	<p>Símat Fylgst með þróun í skrift</p>

	skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri		
Málfræði Vinnubækur Ritrún 2 Lesrún 1 Ýmislegt efni frá kennara Orð af orði	beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska þekki og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða og sagnorða leikið sér með orð og merkingu þeirra leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu greint mun á samnöfnum og sérnöfnum geri sér grein fyrir tilgangi þess að læra íslenska málfræði.	Innlögn Einstaklingsleiðsögn Paravinna Hópavinna Sýnikennsla Hlustun Hringekjuform Nemendur fá tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt Öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það á margvíslegan hátt Vinni með hugtök, s.s. sérnöfn, samnöfn, nafnorð, sagnorð... Vinni með samsett orð og að raða í stafrófsröð	Símat Mat lagt á vinnu nemenda

Bekkjarnámsskrá – stærðfræði

3. bekkur 2018-2019

Kennari: Anna Margrét Arnardóttir

Kennslustundir á viku: 6 , samkennt með 1. og 2. bekk

Námsþættir	Hæfniviðmið <i>Nemandi geti:</i>	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Að geta spurt og svarað með stærðfræði Sproti 3A og 3B– æfingabók og nemendabók Viltu reyna – grænn /blár Fjölritað efni Prautir</p>	<p>leyst stærðfræðiþrautir við hæfi og notað til þess áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir</p> <p>tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði</p> <p>sett fram talnalínur og teikningar við hæfi sem tengjast daglegu lífi.</p> <p>rætt stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi</p>	<p>Flokkun Talning Form og mynstur Tölurnar frá 1- 100 Mælingar Samlagning Frádráttur Form og myndir Peningar Hvert barn vinnur verkefni á eigin hraða og forsendum og fær aðstoð ef þörf er á Kennarinn leggur inn ákveðið efni Verkefni ymist unnin einslega eða í hringekju Nemendur hafa aðgang að námsgögnum eftir þörfum</p>	<p>Framfarir og ástundun metin jafnt og þétt Próf í annarlok</p>
<p>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar Sproti 3A og 3B– æfingabók og nemendabók Viltu reyna – grænn /blár Fjölritað efni Math Matters bókaflokkur</p>	<p>túlkað og notað einföld stærðfræðitákn og tengt þau við daglegt líf</p> <p>tekið þátt í samræðum um stærðfræði notað verkfæri við hæfi</p>		

Þrautir			
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Sproti 3A og 3B– æfingabók og nemendabók Viltu reyna – grænn /blár Fjölritað efni Þrautir Kubbar Vasareiknir og fleira	geta sett fram tilgátur og notað til þess áþreifanleg gögn tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því að nota hlutbundin gögn og teikningar geta unnið í samvinnu við aðra nemendur að lausn stærðfræðiverkefna gert sér grein fyrir verðgildi peninga og tengslum þeirra við daglegt líf		
Tölur og reikningur Sproti 3A og 3B– æfingabók og nemendabók Viltu reyna – grænn /blár Fjölritað efni Þrautir Flokkun Talning Form og mynstur Tölurnar frá 1- 100 Mælingar Samlagning Frádráttur Form og myndir Peningar	notað tugi og hundruð náttúrulegra talna, raðað tölunum, ritað þær og borið saman reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt þróað með sér hentugar aðferðir við að reikna samlagningar-, frádráttar, margföldunar- og deilingardæmi unnið viðfangsefni úr daglegu lífi og notað til þess tölur, aðgerðir og rithátt við hæfi gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi		

<p>Algebra Sproti 3A og 3B– æfingabók og nemendabók Viltu reyna – grænn /blár Fjölritað efni Þrautir</p>	<p>funduð reglur í mynstrum og spáð fyrir um framhald þeirra með því að nota hluti og líkön við hæfi</p> <p>notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð</p>		
<p>Rúmfræði og mælingar Sproti 3A og 3B– æfingabók og nemendabók Viltu reyna – grænn /blár Fjölritað efni Þrautir</p>	<p>notað hugsök úr rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi</p> <p>gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu</p> <p>mælt ólíka mælieiginleika s.s. lengd og flöt, þyngd og tíma með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum</p> <p>speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn</p> <p>borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar</p>		
<p>Líkindi Flokkun Talning</p>	<p>safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið talið og flokkað og skráð og lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit</p>		

Bekkjarnámsskrá - Náttúrufræði

3. bekkur 2018-2019

Kennari: Anna Margrét Arnardóttir

Kennslustundir á viku: 2, samkennt með 1. og 2. bekk.

Námsþættir	Hæfniviðmið <i>Nemandi geti:</i>	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p><i>Geta til aðgerða</i></p> <p>Köngulær</p> <p>Komdu og skoðaðu umhverfið</p> <p>Ýmiskonar efni frá kennara</p>	<p>sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því</p> <p>útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði fólks og umhverfi þeirra</p>	<p>Námsefni lesið af kennara.</p> <p>Umræður í bekk eða minni hópum.</p> <p>Verkefnum safnað í safnmöppur.</p> <p>Ýmis sköpun – veggmyndir og líkön.</p> <p>Horfum á kennslumyndbönd tengd námsefni.</p> <p>Uppgötvunarnám bæði úti og inni.</p>	<p>Áhugi, virkni og vinnusemi metin – símat</p> <p>Safnmappa metin – kennaramat og sjálfsmat</p>
<p><i>Nýsköpun og hagnýting þekkingar</i></p> <p>Köngulær</p> <p>Komdu og skoðaðu umhverfið</p> <p>Ýmiskonar efni frá kennara</p>	<p>komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu</p> <p>bent á störf sem krefjast sérþekkingar</p>		

<p>Gildi og hlutverk vísinda og tækni Köngulær</p> <p>Komdu og skoðaðu umhverfið</p> <p>Ýmiskonar efni frá kennara</p>	<p>Í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum</p> <p>útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra</p> <p>gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspili við hana</p>		
<p>Vinnubrögð og færni Köngulær</p> <p>Komdu og skoðaðu umhverfið</p> <p>Ýmiskonar efni frá kennara</p>	<p>sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni</p> <p>aflað sér upplýsinga er varðar náttúruna</p> <p>skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim</p> <p>útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt</p> <p>hlustað á og rætt hugmyndir annarra</p>		
<p>Ábyrgð á umhverfinu Köngulær</p> <p>Komdu og skoðaðu umhverfið</p> <p>Ýmiskonar efni frá kennara</p>	<p>tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð</p> <p>nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum</p> <p>tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru</p>		

<p>Að búa á jörðinni Köngulær</p> <p>Komdu og skoðaðu umhverfið</p> <p>Ýmiskonar efni frá kennara</p>	<p>lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks og dýra</p>		
<p>Náttúra Íslands Köngulær</p> <p>Komdu og skoðaðu umhverfið</p> <p>Ýmiskonar efni frá kennara</p>	<p>lýst algengum lífverum í nánasta umhverfi sínu</p> <p>útskýrt einfaldar fæðukeðjur</p>		
<p>Heilbrigði umhverfisins Köngulær</p> <p>Komdu og skoðaðu umhverfið</p> <p>Ýmiskonar efni frá kennara</p>	<p>fjallað um samspil manns og náttúru</p>		

Bekkjarnámsskrá – samfélagsfræði

3. bekkur 2019-2020

Kennari: Anna Margrét Arnardóttir

Kennslustundir: 4 á viku:

Námsþættir	Hæfniviðmið <i>Nemandi geti:</i>	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Heimspeki, siðfræði, trúarbrögð Trúarbrögðin okkar Prastarunginn Efraím	sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum í kristni tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.	Innlögn frá kennara Umræður Einstaklings- og hópavinna Allt námsefni er lesið fyrir nemendur Verkefnavinna	Tekið tillit til áhuga nemenda, vinnusemi og þátttöku í umræðum Verkefni, munnleg, skrifleg og myndræn metin.
Lífsleikni Spor – lífsleikniefni Krakkspjall	sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim		

	<p>bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann</p> <p>gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti</p> <p>sett sig í spor annarra jafnaldra</p> <p>áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna</p> <p>sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi</p>		
<p><i>Landfræði, saga og samfélagsfræði</i></p> <p>Komdu og skoðaðu bókaflokkurinn</p>	<p>sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi</p> <p>sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu</p> <p>áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerðar í samfélagi manna</p>		

Bekkjarnámsskrá – Enska

3. bekkur 2019 - 2020

Kennari: Kristín Jóna Sigurðardóttir

Kennslustundir á viku: 1, samkennt með 4. bekk.

Í þessum kennslustundum er ekki tilgreint ákveðið námsefni, heldur byggist kennslan upp á nám í gegn um leik og verkefni frá kennara.

Námsþættir	Hæfniviðmið <i>Nemandi geti:</i>	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Hlustun Hljóðdiskar og myndbönd Ýmislegt frá kennara	Skilið það mál sem notað er í kennslustundinni og brugðist við með orðum Fylgst með einföldu efni sem fengist er við í kennslustundinni	Kennslan byggir upp á hlustun, léttum samtalsæfingum, söng og leik þar sem orðaforði kennslustundarinnar er æfður	Lagt mat á áhuga og þátttöku í kennslustundum. Nemendur fá skriflega umsögn frá kennara að vori
Lesskilningur Stuttir textar frá kennara Ýmis verkefni	Skilið megininntak í stuttum texta Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta		
Samskipti Samtalsæfingar verkefni	Spurt og svarað á mjög einfaldan hátt um efni kennslustundarinnar Svarað einföldum spurningum kennara og samnemenda Tekið þátt í samskiptaleikjum og samtalsæfingum		
Frásögn Verkefni frá kennara	Getur sagt frá og lýst sálfum sér og nánasta umhverfi á mjög einfaldan hátt		

	Farið með stutta texta, t.d. söngtexta, sem hann hefur haft tækifæri til að æfa		
Ritun Verkefni frá kennara	Skrifað orð/texta úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista		

Bekkjarnámskrá / Kennsluáætlun - Skólaíþróttir

3. bekkur 2019-2020

Kennari: Daníel Smári Guðmundsson

Kennslustundir á viku: 4

Markmið: Meginmarkmið íþróttakennslunnar í 3. bekk er að virkja hreyfipörf nemenda, efla skynfæri líkamans og styrkja fín- og grófhreyfingar. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Mikil áhersla er lögð á að nemendur hafi ánægju af íþróttum og séu jákvæðir í garð íþróttar og fái fræðslu um íþróttir og heilsuvernd. Nemendur skulu ávallt mæta með viðeigandi fatnað.

Námsþættir	Hæfniviðmið <i>Nemandi geti:</i>	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<p>gert æfingar sem reyna á þol</p> <p>gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi</p> <p>gert einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu</p> <p>Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum</p> <p>tekið þátt í stöðluðum prófum</p> <p>kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni</p>	<p>Kennslan fer fram í íþróttahúsi, í sundlaug og úti.</p> <p>Leikir</p> <p>Boltaleikir</p> <p>Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni</p>	<p>Leiðsagnarmat er notað í tímum.</p> <p>Nemendur taka engin próf sem metin eru til einkunna.</p> <p>Mikið er lagt upp úr virkni, framkomu, virðingu og vellíðan í tímum.</p> <p>Gefin er skrifleg umsögn á einkunnablaði í lok skólaárs.</p>

	sýnt sporðtök, bringusund og skólabaksund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.		
Félagslegir þættir	<p>unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.</p> <p>farið eftir leikreglum.</p> <p>gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.</p>		
Heilsa og efling þekkingar	<p>skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.</p> <p>útskýrt líkamlegan mun á kynjum.</p> <p>notað einföld hugtök sem tengjast íþróttum, sundiðkun og líkamlegri áreynslu.</p> <p>notað einföld hugtök sem tengjast áreynslu.</p> <p>gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.</p> <p>tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.</p> <p>tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs.</p>		
Öryggis og skipulagsreglur	Farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa.		

Bekkjarnámsskrá – Listir og textílmenn

3. bekkur 2019-2020

Kennarar: Anna Margrét Arnardóttir

Kennslustundir á viku: 2, samkennt með 1. og 2. bekk.

Námsþættir	Hæfniviðmið <i>Nemandi geti:</i>	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Sjónlistir</p> <p>Pappír Endurvinnanlegt efni/verðlaust efni Litir – málning – blek Blýantur Leir Skæri – lím</p>	<p>nýtt sér einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita, forma og myndbyggingar</p> <p>skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum</p> <p>tjáð sig gegn um myndverk á einfaldan hátt</p> <p>útskýrt og farið eftir vinnuferli frá hugmynd að myndverki</p> <p>fjallað um eigin verk og annarra</p> <p>unnið að myndverki með ólíkum efnivið</p>	<p><u>Leiðir:</u> Sköpun Upplifun Sýnikennsla</p> <p><u>Kennsluhættir:</u> Innlögn og sýnikennsla sem kennari sér um</p> <p>Sköpun nemandans í myndverkum/ textílvörum</p> <p>Upplifun nemandans</p>	<p>Mat lagt á áhuga og vinnusemi Símat</p> <p>Lagt mat á verk nemandans – safnmöppur – kennaramat - sjálfsmat</p>
<p>Textílmenn</p> <p>Allskonar efni s.s. léreft, strigi, filt gömul föt...</p> <p>Garn</p>	<p>unnið með nokkrar gerðir textílefna</p> <p>unnið eftir einföldum leiðbeiningum</p> <p>skreytt textílvinnu á einfaldan hátt</p>		

Endurvinnanlegt efni/ verðlaust efni	gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og þekkt nokkur hugtök tengd greininni		
---	---	--	--

Bekkjarnámsskrá – Heimilisfræði

3. bekkur 2019-2020

Kennari: Anna Margrét Arnardóttir

Kennslustundir á viku: 2, samkennt með 1. og 2. bekk

Námsþættir	Hæfniviðmið <i>Nemandi geti:</i>	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Matur og lífshættir Heimilisfræði fyrir yngra stig. Ljósritað efni frá kennara Fæðuhringurinn	tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti valið hollan mat og útskýrt á einfaldan hátt um áhrif á líkamana og líðan farið eftir einföldum fyrirmælum og hreinlæti og þrif.	Innlögn og kennsla frá kennara Umræður Verkefnavinna Verkleg vinna, bakstur, eldaður einfaldur matur.	Lagt verður mat á virkni í tímum og úrvinnslu verkefna. Metin verðu framkoma, kurteisi, tillitssemi. Metin verður verkefni og verkleg vinna.
Matur og vinnubrögð Heimilisfræði fyrir yngra stig. Ljósritað efni frá kennara Fæðuhringurinn Hráefni til matargerða	útbúið með aðstoð mjög einfaldar og hollar máltíðir farið eftir einföldum uppskriftum með aðstoð		
Matur og umhverfi Heimilisfræði fyrir yngra stig. Ljósritað efni frá kennara Fæðuhringurinn Hentug áhöld og mælitæki Umhverfi skólans.	sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni		

Matur og menning Heimilisfræði fyrir yngra stig. Ljósritað efni frá kennara Fæðuhringurinn Hentug áhöld og tækisæki Umhverfi skólans	tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat		

Bekkjarnámskrá / Kennsluáætlun – Smíðar

3. bekkur 2019-2020

Kennari: Daníel Smári Guðmundsson

Kennslustundir á viku: 2

Námsþættir	Hæfniviðmið <i>Nemandi geti:</i>	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk	valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt. gert sér grein fyrir nokkrum smíðaeftum sem unnið er með.	Áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færi í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra.	Verkefni Símat alla önnina Vinna í tímum Umgengni í stofu
Hönnun og tækni	dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. framkvæmt einfaldar samsetningar.		
Umhverfi	sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með. beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.		